

# Svona vinnum við

## Siðareglur

### Landsvirkjunar



#### Vinnubrögð

Við störfum af vandvirkni, heiðarleika og samkvæmt bestu dómgreind. Við tileinkum okkur vinnubrögð sem skapa traust á starfi okkar og fyrirtækisins og vinnum gegn sóun og ómarkvissri meðferð fjármuna.



#### Öryggi

Við gætum ávallt fyllsta öryggis í störfum okkar og fylgjum öryggisreglum í hvívetna.



#### Gagnavarsla og bókhald

Við gætum þess að skrá samskipti og skjöl í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til skjalastjórnunar. Landsvirkjun birtir uppgjör opinberlega, reikningsskil eru gerð samkvæmt lögum, reglum og opinberum stöðlum.



#### Trúnaðarupplýsingar

Við vöndum vinnubrögð og alla meðferð upplýsinga og skjala og gætum nauðsynlegs trúnaðar.



#### Samstarfsaðilar

Við höfum virðingu og heiðarleika að leiðarljósi í samskiptum okkar við alla samstarfs- og hagsmunaaðila. Við gerum kröfu um að starfsemi samstarfsaðila sé samkvæmt ríkjandi lögum, reglum og viðmiðum um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti. Við öflum okkur nægilegra upplýsinga um samstarfsaðila til að fullvissa okkur um að Landsvirkjun gerist ekki meðsek um mannréttindabrot.

Siðareglur Landsvirkjunar innihalda almenn viðmið um góða og ábyrga starfshætti. Siðareglurnar taka til allra þeirra sem starfa hjá fyrirtækinu og koma fram fyrir hönd þess eða í nafni þess.

Hver starfsmaður gætir að því fyrir sitt leyti að farið sé eftir reglunum. Stjórnendur sjá til þess að starfsfólki sé kunnugt um reglurnar og að þær séu eðlilegur þáttur í starfi þeirra. Leiki vafi á um gildi reglnanna leitum við ráða hjá næsta yfirmanni. Frekari leiðbeiningar er að finna í handbók gæðastjórnunar á innri vef Landsvirkjunar.



#### Jafnrétti og virðing

Í störfum okkar höfum við jafnrétti og mannréttindi ævinlega að leiðarljósi. Við berum virðingu fyrir samstarfsfólki okkar og þeim sem við höfum samskipti við í gegnum starf okkar. Við sýnum umburðarlyndi og tökum tillit til ólíkra sjónarmiða og aðstæðna. Við stuðlum að gagnsæjum starfsaðferðum og góðum samskiptum á vinnustað og stuðlum þannig að öflugri liðsheild.



#### Hagsmunaárekstrar

Við störfum af heilindum og látum persónulega hagsmuni ekki hafa áhrif á störf okkar fyrir Landsvirkjun. Við þiggjum ekki gjafir eða hverskyns hlunnindi sem eru til þess fallin að hafa áhrif á ákvarðanatöku eða dómgreind okkar við vinnslu mála. Hjá Landsvirkjun vinnum við gegn hvers kyns spillingu.



#### Samskipti

Við eigum hreinskilin samskipti við samstarfsfólk og alla hagsmunaaðila. Við svörum fyrirspurnum málefnalega og vísam í gögn þegar því verður við komið. Við gætum að orðspori Landsvirkjunar í samskiptum utan vinnu.



#### Umgengni og notkun á eignum fyrirtækisins

Við göngum vel um allar eignir fyrirtækisins og nýtum þær ekki til einkanota nema fyrir liggja skriflegur samningur um slíkt eða ótvírætt samþykki viðeigandi aðila. Við nýtum upplýsingatækni með ábyrgum hætti. Við notum ekki hug- og vélbúnað Landsvirkjunar til að skoða eða sækja óviðeigandi eða ólöglegt efni af netinu.